

Ed.

7. Frumvarp til laga

[7. mál]

um breyting á lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

3. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ef um fjárræðissviptingu er að tefla, skal dómari einnig annast um, að niðurstaða úrskurðarins sé þegar birt í Lögbirtingablaði. Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign, skrásett skip, bifreið eða loftfar, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða er getið í verzlanskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn eftir atvikum á varnarþingi fasteignar, skips, bifreiðar eða loftfars og í verzlanskrá. Enn fremur skal skrá athugasemd um úrskurðinn á viðskiptabréf, sem er í eigu hins lögræðissvipta manns. Dómari sendir eftirrit af úrskurðinum þeim stjórnvöldum, sem um hann þurfa að vita.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar, og er efni þessa frv. að færa ákvæði laga um lögræði til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Aðalbreytingin er fólgin í því, að lagt er til, að greind verði í 11. gr. bæði bifreiðar og loftför, þannig að skrá skuli úrskurð á varnarþingi loftfars og bifreiðar, ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi slíkra verðmæta. Þótt efnisbreytingin í 11. gr. 3. málsgr. laga 95/1947 sé tiltölulega lítil, hefur þótt glegggra að taka málsgreinina alla upp í 1. gr. frv. þessa.